

VERK FALLSAÐGERÐIR FLUGSTÉTTA HÖFÐU ÁHRIF Á REKSTUR 2. ÁRSFJÓRÐUNGS

- | Hagnaður eftir skatta nam 22,4 milljónum USD samanborið við 18,5 milljónir USD árið áður.
- | EBITDA nam 45,2 milljónum USD samanborið við 42,9 milljónir USD árið áður.
- | Heildartekjur jukust um 12%.
- | Neikvæð áhrif verkfallsaðgerða flugstétta á uppgjör annars ársfjórðungs námu 3,5 milljónum USD.
- | Eiginfjárlutfall 34% í lok júní.
- | Handbært fé frá rekstri 83,6 milljónir USD samanborið við 106,4 milljónir USD árið áður.

Púsundir USD	2. ársfj. 2014	2. ársfj. 2013	Breyting	% br.	6 mán. 2014	6 mán. 2013	Breyting	% br.
Rekstrarreikningur								
Heildartekjur	297.793	265.600	32.193	12%	489.070	438.645	50.425	11%
EBITDAR	54.918	54.611	307	1%	51.781	58.733	-6.952	-12%
EBITDA	45.240	42.936	2.304	5%	31.936	34.622	-2.686	8%
EBIT	25.850	24.769	1.081	4%	-4.750	1.771	-6.521	-
EBT	24.776	23.305	1.471	6%	-8.586	382	-8.968	-
Hagnaður /tap af áframh. starfsemi	19.800	18.490	1.310	7%	-6.921	201	-7.122	-
Hagnaður /tap tímabilsins	22.393	18.490	3.903	21%	-4.328	201	-4.529	-
Efnahagsreikningur								
Heildareignir	-	-	-	-	947.590	901.308	46.282	5%
Eigið fé	-	-	-	-	323.543	285.145	38.398	13%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	60.205	137.066	-76.861	-56%
Handbært fé og markaðsverðbréf	-	-	-	-	283.287	222.088	61.199	28%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	-223.082	-85.022	-138.060	162%
Sjóðsstreymi								
Veltufé frá rekstri	50.270	48.154	2.116	4%	37.721	46.673	-8.952	-19%
Handbært fé frá rekstri	83.625	106.436	-22.811	-21%	204.996	184.889	20.107	11%
Fjárfestingahreyfingar	-14.009	-15.477	1.468	9%	-47.955	-56.272	8.317	15%
Fjármögnunarahreyfingar	-52.916	-15.690	-37.226	-	-82.054	-26.929	-55.125	-
Handbært fé í lok tímabils	266.993	219.343	47.650	22%	266.993	219.343	47.650	22%
Lykiltölur								
Afkoma á hlut US Cent	0,45	0,37	0,08	22%	-0,09	0,00	-0,09	-
Innra virði hlutfjár	-	-	-	-	7,97	7,03	0,94	-
Eiginfjárlutfall	-	-	-	-	34,1%	31,6%	2,5 %-stig	-
Veltufjárlutfall	-	-	-	-	0,85	0,82	0,03	3%
Fjárfestingar, púsundir USD	10.663	27.229	-16.566	-61%	41.601	70.331	-28.730	-41%
Flutningatekjur sem % af heildartekjum	73,8%	70,8%	3,0 %-stig	-	69,8%	68,0%	1,8 %-stig	-
EBITDAR hlutfall	18,4%	20,6%	-2,1 %-stig	-	10,6%	13,4%	-2,8 %-stig	-
EBITDA hlutfall	15,2%	16,2%	-1,0 %-stig	-	6,5%	7,9%	-1,4 %-stig	-
Hlutabréf íslenskar krónur								
Hæsta verð á tímabili	18,15	13,49	4,66	35%	19,95	13,49	6,46	48%
Lægsta verð á tímabili	16,45	11,13	5,32	48%	16,45	8,22	8,23	100%
Lokaverð tímabils	-	-	-	-	17,10	12,99	4,11	32%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	-	85.500	64.950	20.550	32%

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Vinnudeilur við flugstéttir höfðu áhrif á rekstur annars ársfjórðungs. Vegna kjaradeilna þurfti að fella niður 157 flug og breyta bókunum yfir 22 þúsund farþega. Tekjutap og beinn kostnaður Icelandair Group vegna þessa nam um 3,5 milljónum USD. Hagnaður Icelandair Group á öðrum ársfjórðungi nam 22,4 milljónum USD og jókst um 3,9 milljónir USD á milli ára. Þrátt fyrir að afkoma af millilandaþarftsemi hafi verið undir væntingum vegna verkfallsaðgerða þá gekk önnur starfsemi samstæðunnar vel. Mikil fjölgun ferðamanna til Íslands skilaði sér í góðri afkomu félaga okkar í ferðatengdri þjónustu. Afkoma í fraktstarfsemi félagsins var góð og jókst á milli ára. Þá hafði bakfærsla á niðurfærslu krafna í leiguflugstarfsemi félagsins jákvæð áhrif á afkomuna.

Fjárhagsleg staða félagsins er sterk. Heildareignir nema nú 947,6 milljónum USD og eiginfjárlutfallið var 34% í lok fjórðungsins. Vaxtaberandi skuldir hafa farið lækkandi undanfarin ár og nema nú 60,2 milljónum USD á sama tíma og handbært fé og markaðsverðbréf nema 283,3 milljónum USD. Bókunarstaða í millilandaflugi fyrir komandi mánuði hefur batnað eftir að vinnudeilum lauk og almennar horfur í rekstri samstæðunnar eru góðar. Miðað við núverandi rekstrarforsendur er gert ráð fyrir að EBITDA ársins muni verða á bilinu 145-150 milljónir USD, sem er hækkun frá því sem tilkynnt var um í júní. Betri heimtur krafna í leiguflugstarfsemi vega þungt í hækkuninni.“

FLUTNINGATÖLUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS

- | **Farþegar í millilandaflugi voru 703 þúsund og fjölgaði um 15% milli ára.**
- | **Seldum blokk tímum í leiguflugstarfsemi fækkaði um 34% á milli ára.**
- | **Seldum gistinóttum á hótélum félagsins fjölgaði um 8% á milli ára.**

	2.ársfj. '14	2.ársfj. '13	% br.
MILLILANDAFLUG			
Farþegafjöldi ('000)	703,2	609,0	15%
Sætanýting (%)	80,0	79,5	0,5 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	2.625,7	2.245,1	17%
INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG			
Farþegafjöldi ('000)	73,5	78,8	-7%
Sætanýting (%)	69,6	70,2	-0,6 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	35,9	38,4	-7%
LEIGUFLUG			
Flotanýting (%)	92,3	96,9	-4,6 %-stig
Seldir blokk tímur	4.551	6.941	-34%
FRAKTFLUTNINGAR			
Framboðnir tonn kílómetrar ('000)	58.368	52.335	12%
Seldir tonn kílómetrar ('000)	24.703	24.418	1%
HÓTEL			
Framboðnar gistinætur	81.684	81.016	1%
Seldar gistinætur	62.188	57.773	8%
Herbergjanýting (%)	76,1	71,3	4,8 %-stig

Framboð í millilandaflugi jókst um 17% á öðrum ársfjórðungi og farþegum fjölgaði á sama tíma um 15%. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum, en mest var hún á markaðinum yfir N-Atlantshafið þar sem hún nam 21,1%. Farþegar á N-Atlantshafsmarkaðinum voru 49% af heildarfarþegum á öðrum ársfjórðungi. Sætanýting var 80,0% en var á sama tímabili á síðasta ári 79,5%.

Farþegar í innanlandsflugi og flugi til Grænlands voru rúmlega 73 þúsund í fjórðungnum og fækkaði um 7% miðað við síðasta ár. Framboð var 7% minna en á sama tímabili í fyrra. Sætanyting í fjórðungnum nam 69,6% og dróst saman um 0,6 prósentustig á milli ára. Seldum blokk tímum í leiguflugi í fjórðungnum fækkar á milli ára. Flutt frakt í áætlunarflugi jókst frá fyrra ári um 1%. Fjöldi seldra gistinóta jókst um 8% á öðrum ársfjórðungi. Herbergjanýtingin nam 76,1% miðað við 71,3% á sama tímabili á síðasta ári.

REKSTUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	2. ársfj. 2014	2. ársfj. 2013	Breyting
EBITDAR	54.918	54.611	307
EBITDA	45.240	42.936	2.304
EBIT	25.850	24.769	1.081
EBT	24.776	23.305	1.471
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	19.800	18.490	1.310
Hagnaður tímabilsins	22.393	18.490	3.903
EBITDAR %	18,4%	20,6%	-2,1 %-stig
EBITDA %	15,2%	16,2%	-1,0 %-stig

Hagnaður eftir skatta var 22,4 milljónir USD en var á sama tímabili 2013 18,5 milljónir USD. EBITDAR var 54,9 milljónir USD samanborið við 54,6 milljónir USD á öðrum ársfjórðungi 2013. EBITDAR-hlutfall dróst saman um 2,1 prósentustig og nam 18,4%.

EBITDA var jákvæð um 45,2 milljónir USD og batnaði um 2,3 milljónir USD milli ára. EBITDA-hlutfall var 15,2% á öðrum ársfjórðungi en var 16,2% á sama tímabili 2013. Áhrif bakfærslu niðurfærslu krafna ásamt verkfallsaðgerðum hafði nokkur áhrif á afkomu fjórðungsins. Hér að neðan má sjá EBITDA-brú þar sem helstu frávik milli ára eru skýrð niður á helstu liði og starfsþætti.

Þúsundir USD	
EBITDA 2. ársfjórðungur 2013	42.936
Niðurfærsla krafna, breyting	2.185
Áhrif verkfallsaðgerða	-3.500
EBITDA breyting - Ferðatengd þjónusta	829
EBITDA breyting - Flugstarfsemi án Icelandair	3.369
EBITDA breyting - Icelandair án áhrifa verkfallsaðgerða	852
Annað	-1.431
EBITDA 2. ársfjórðungur 2014	45.240

30. desember 2011 var Smartlynx sem áður var skilgreint sem aflögð starfsemi selt. Í kjölfar sölnunnar ábyrgðist Icelandair Group rekstrarleigusamninga Smartlynx ásamt því að eiga kröfur á félagið. Gerðar voru varúðarfærslur vegna ábyrgðanna og lánanna. Þann 30. júní 2014 voru öll lán greidd ásamt því að ábyrgð Icelandair Group var ekki lengur til staðar. Niðurfærslan var því bakfærð og er tekjufærslan 2,6 milljónir USD.

TEKJUR

- | Heildartekjur voru 12% hærrí en á öðrum ársfjórðungi 2013.
- | Farþegatekjur jukust um 17% á milli ára.
- | Tekjur af flugvélaleigu lækka um 44% frá síðasta ári.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2014	2. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting	% af tekjum 2014
Flutningatekjur:	219.918	188.170	31.748	17%	74%
Farþegaflug	208.614	177.277	31.337	18%	70%
Vöru- og póstflutningar	11.304	10.893	411	4%	4%
Flugvélaleiga	16.539	29.563	-13.024	-44%	6%
Aðrar rekstrartekjur	61.336	47.867	13.469	28%	21%
Samtals	297.793	265.600	32.193	12%	100%

Flutningatekjur jukust um 31,7 milljónir USD, þar af hækkuðu farþegatekjur um 31,3 milljónir USD. Tekjur af flugvélaleigu drógust saman um 13,0 milljónir USD og námu 16,5 milljónum USD. Aðrar rekstrartekjur námu 61,3 milljónum USD og jukust um 13,5 milljónir USD eða um 28% miðað við annan ársfjórðung 2013. Hækkunin skýrist af auknu umfangi rekstrar samstæðunnar, en tekjur af sölu á hótelum, flugvöllum og flugvélum hækkuðu um 4,1 milljón USD miðað við sama tíma á síðasta ári og tekjur af ferðaþjónustu um 6,7 milljónir USD. Í töflunni hér að neðan má sjá niðurbrot á öðrum tekjum.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2014	2. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting
Sala á hótelum, flugvöllum og flugvélum	20,901	16,837	4,064	24%
Tekjur af ferðaþjónustu	24,322	17,598	6,724	38%
Afgreiðslu og þjónustutekjur af flugfrakt	8,767	8,271	496	6%
Seld viðhaldsþjónusta	3,420	1,327	2,093	158%
Söluhagnaður/-tap fastafjármuna	70	-61	131	-215%
Aðrar rekstartekjur	3,856	3,895	-39	-1%
Samtals	61,336	47,867	13,469	28%

KOSTNAÐUR

- | Heildarkostnaður nam 252,6 milljónum USD.
- | Kostnaðarhækkunir eru að mestu tilkomnar vegna meira framboðs í millilandaflugi og aukningu í ferðatengdri þjónustu á Íslandi.
- | Flugvélaleiga lækkar vegna færri véla á rekstrarleigu auk lækkunar leiguverðs.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2014	2. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting	% af kostnaði 2014
Laun og annar starfsmannakostnaður	77.405	63.500	14.564	23%	31%
Eldsneytiskostnaður	74.631	64.434	10.197	16%	30%
Flugvélaleiga	7.032	8.505	-2.132	-25%	2%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	22.231	19.517	2.714	14%	9%
Viðhaldskostnaður flugvéla	16.742	19.273	-2.531	-13%	6%
Annar rekstrarkostnaður	54.512	47.435	7.077	15%	22%
Samtals	252.553	222.664	29.889	13%	100%

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkuðu um 14,6 milljónir USD eða um 23% samanborið við annan ársfjórðung 2013. Skýrist það af auknu umfangi rekstrar auk áhrifa samningsbundinna launahækkana.

Eldsneytiskostnaður nam 74,6 milljónum USD og jókst um 10,2 milljónir USD sem er 16% hækkun frá sama tíma í fyrra og skýrist af auknu umfangi í millilandaflugi ásamt hærra eldsneytisverði. Heimsmarkaðsverð á olíu var að meðaltali 971 USD/tonn á öðrum ársfjórðungi 2014 samanborið við 931 USD/tonn á sama tímabili 2013.

Flugvélaeiga lækkaði í samanburði við annan ársfjórðung 2013 um 2,1 milljón USD eða 25%. Skýrist það af færri vélum á rekstrarleigu auk lækkunar á leiguverðum.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 2,7 milljónir USD á milli ára eða um 14% sem skýrist af auknu framboði ásamt almennum verðhækkunum. Viðhaldskostnaður nam 16,7 milljónum USD og var 2,5 milljónum USD lægri en á síðasta ári. Annar rekstrarkostnaður nam 54,5 milljónum USD og hækkaði um 7,7 milljónir USD á milli ára. Breytingar á töpuðum kröfum komu til lækkunar kostnaðar að fjárhæð 3,1 milljón USD á fjórðungnum. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2014	2. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting
Rekstrarkostnaður fasteigna og innrétinga	5.286	5.525	-239	-4%
Samskiptakostnaður	4.252	3.542	710	20%
Auglýsingakostnaður	4.059	3.976	83	2%
Bókunargjöld, kreditkortabók. og umboðslaun	10.986	8.864	2.122	24%
Kostnaðarverð seldra vara	6.283	5.267	1.016	19%
Þjónusta við farþega og hótलगesti	5.774	3.625	2.149	59%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	14.633	9.924	4.709	47%
Tapaðar kröfur	-3.064	-879	-2.185	249%
Annar rekstrarkostnaður	6.303	7.591	-639	-9%
Samtals	54.512	47.435	7.077	15%

FJÁRMAGNSLIÐIR

Fjármagnsliðir voru neikvæðir á fjórðungnum

Þúsundir USD	2. ársfj. 2014	2. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting
Fjármagnstekjur	741	524	217	41%
Fjármagnsgjöld	-2.031	-1.891	-140	7%
Gengisáhrif	214	-42	256	-
Samtals	-1.076	-1.409	333	24%

Fjármagnstekjur námu 0,7 milljónum USD á öðrum ársfjórðungi samanborið við 0,5 milljón USD á sama tímabili á síðasta ári. Fjármagnsgjöld námu 2,0 milljónum USD á fjórðungnum og jukust um 7% á milli ára. Áhrif gengisbreytinga höfðu óveruleg áhrif á fjórðungnum.

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- | Heildareignir námu 947,6 milljónum USD í lok annars ársfjórðungs.
- | Eiginfjárlutfall var 34%.
- | Vaxtaberandi skuldir námu 60,2 milljónum USD og lækka frá byrjun árs.

Þúsundir USD	30.06.2014	31.12.2013	Breyting	30.06.2013
Heildareignir	947.590	832.875	114.715	901.308
Eigið fé	323.543	346.082	-22.539	285.145
Vaxtaberandi skuldir	60.205	122.017	-61.812	137.066
Nettó vaxtaberandi skuldir	-223.082	-77.476	-145.606	-85.022
Handbært fé og markaðsverðbréf	283.287	199.493	83.794	222.088
Eiginfjárlutfall	34%	42%	-7 ppt	32%
Veltufjárlutfall	0,85	0,94	-10%	0,82

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 303,7 milljónum USD og jukust um 4,5 milljónir USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok júní. Alls voru 37 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 27 í eigu félagsins.

Flugvélagærð	Iceland-air	Cargo	Loftleiðir	Flugfélag Íslands	Flugfloti 30.06.14	Flugfloti 31.12.13	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.13
B757 200	20	3	1		24	23	19	5	1
B757 300	1				1	1	1		0
B767 300			2		2	3		2	-1
B737 700			1		1	1		1	0
B737 800			2		2	2		2	0
Fokker F-50				5	5	5	5		0
Dash 8-200				2	2	2	2		0
Samtals	21	3	6	7	37	37	27	10	0

Eigið fé nam 323,5 milljónum USD í lok annars ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 34% og hækkaði samanborið við lok annars ársfjórðungs 2013 þegar það nam 32%. Arður sem samþykktur var á aðalfundi í mars kom til lækkunar á eigin fé, en hann var greiddur út í apríl. Arðurinn nam 0,38 US Cent á hvern hlut og var samtals 19,0 milljónir USD. Í árslok 2013 var eiginfjárlutfallið 42%.

Vaxtaberandi skuldir námu 60,2 milljón USD, samanborið við 122,0 milljónir USD í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda á öðrum ársfjórðungi námu 33,9 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 283,3 milljónum USD í lok annars ársfjórðungs 2014 samanborið við 199,5 milljónir USD í byrjun árs. Nettó vaxtaberandi skuldir námu því -223,1 milljón USD í lok fjórðungsins og lækkuðu um 145,6 milljónir USD frá áramótum.

Þúsundir USD	30.06.2014	31.12.2013	Breyting	30.06.2013
Vaxtaberandi langtímaskuldir	46.553	78.489	-31.936	87.433
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	13.652	43.528	-29.876	49.633
Markaðsverðbréf	16.294	7.955	8.339	2.745
Handbært fé	266.993	191.538	75.455	219.343
Nettó vaxtaberandi skuldir	-223.082	-77.476	-145.606	-85.022

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- | **Handbært fé í lok annars ársfjórðungs var 267,0 milljónir USD.**
- | **Fjárfestingar námu 10,7 milljónum USD.**
- | **Greiddur arður nam 19,0 milljónum USD.**
- | **Afborganir langtímalána námu 33,9 milljónum USD.**

Þúsundir USD	2. ársfj. 14	2. ársfj. 13	Breyting
Veltufé frá rekstri	50.270	48.154	2.116
Handbært fé frá rekstri	83.625	106.436	-22.811
Fjárfestingahreyfingar	-14.009	-15.477	1.468
Fjármögnunarahreyfingar	-52.916	-15.690	-37.226
Handbært fé, breyting	16.700	75.269	-58.569
Handbært fé í lok tímabils	266.993	219.343	47.650

Handbært fé frá rekstri á öðrum ársfjórðungi nam 83,6 milljónum USD og lækkaði um 22,8 milljónir USD miðað við annan ársfjórðung 2013. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 10,7 milljónum USD. Leigusamningi á einni fraktvél var framlengt og fékk félagið endurgreidd hreyflyfirhöl frá leigusala vegna þessa. Skýrir það hvers vegna hreyflyfirhöl á leiguvélum eru neikvæð að fjárhæð 1,2 milljónum USD. Niðurbrot á helstu fjárfestingum má sjá í töflunni hér á eftir:

Þúsundir USD	2. ársfj. 14
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	3.834
Hreyflyfirhöl eigin vélar	3.370
Aðrar fjárfestingar	4.024
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	11.228
Langtímakostnaður	
Hreyflyfirhöl á leiguvélum	-1.150
Óefnislegar eignir	585
Fjárfestingar samtals	10.663

Greiddur arður nam 19,0 milljónum USD og afborganir langtímalána námu 33,9 milljónum USD á fjórðungnum. Handbært fé jókst um 16,7 milljónir USD á fjórðungnum en aukning á sama tíma á síðasta ári nam 75,3 milljónum USD.

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- | **Betri bókunarstaða í millilandaflugi**
- | **Góðar horfur félaga í ferðatengdri þjónustu**
- | **Góðar horfur í frakt- og leiguflugi**

Horfur í millilandastarfsemi félagsins eru betri en útlit var fyrir þegar vinnudeilur við flugstéttir stóðu yfir í maí og júní. Bókunarstaða í millilandafluginu er góð fyrir seinni hluta ársins og í takt við aukið framboð. Þegar verkfallsaðgerðir flugstétta stóðu sem hæst mátti greina samdrátt í bókunum sem nú er að mestu genginn til baka.

Rekstur samstæðunnar í ferðatengdri þjónustu gengur vel. Fraktstarfsemi félagsins gengur einnig vel. Í byrjun júlí var einni fraktvél sem sinnti leiguflygsverkefnum skilað. Eftir það mun félagið einbeita sér eingöngu að áætlunarflugi með frakt. Innanlandsflugstarfsemi félagsins býr enn við krefjandi rekstrarumhverfi og hefur eftirspurn Íslendinga ekki náð sér á strik en unnið er að því að auka hlutdeild erlendra ferðamanna í flugvélum félagsins.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok júní er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 49% af áætlaðri notkun á tímabilinu júlí - desember 2014 hefur verið varin með samningum. Auk samningsbundinna varna skilgreinir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn.

2014	Áætluð notkun (tonn)	Valréttir	Skipta-samningar	Samtals valréttir og skiptasamn.	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamninga USD	Kaupréttar-verð	Söluréttar-verð
Júl	31.333	4.000	11.400	15.400	49%	977	1.000	924
Ágú	31.312	9.000	6.400	15.400	49%	970	1.000	928
Sep	26.087	8.000	5.200	13.200	51%	997	1.000	932
Okt	20.839	6.000	4.200	10.200	49%	990	1.000	937
Nóv	17.639	3.000	5.200	8.200	46%	972	990	908
Des	16.393	3.000	5.200	8.200	50%	964	1.000	932
Samtals	143.603	33.000	37.600	70.600	49%	-	-	-

* Verð eru í USD

EBITDA SPÁ 2014

Horfur í rekstri Icelandair Group fyrir síðari hluta ársins eru jákvæðar og betri en útlit var fyrir þegar vinnudeilur við flugstéttir stóðu sem hæst á vormánuðum. Rekstur samstæðunnar í ferðatengdri þjónustu gengur vel. Jafnframt er útlitið nokkuð gott fyrir síðari hluta ársins í frakt og leiguflygsstarfsemi. Núverandi rekstrarforsendur gera ráð fyrir að EBITDA ársins muni verða á bilinu 145-150 milljónir USD, sem er hækkun frá því sem tilkynnt var um í afkomuviðvörðun frá félaginu í júní síðastliðnum. Betri innheimtur krafna í leiguflygsstarfsemi vega þungt í hækkun á afkomuspá. Afkomuspáin gerir ráð fyrir að gengi EUR gagnvart USD verði að meðaltali 1,35 á tímabilinu júlí - desember og eldsneytisverð verði 978 USD/tonn í júlí og 1.000 USD/tonn á tímabilinu ágúst - desember.

SAMNINGAR VIÐ FLUGSTÉTTIR


Skammtímasamningur var gerður við Félag Íslenskra Atvinnuflygmanna (FÍA) sem er með gildistíma til 30. september næstkomandi. Samningur við Flugfreyjufélag Íslands (FFÍ) er með gildistíma til 31. ágúst 2015. Samið var við Flugvirkjafélag Íslands (FVFÍ) til lengri tíma en þeir samningar gilda til 31. ágúst 2017.

HLUTHAFAR

- | Hlutabréfaverð Icelandair Group hefur lækkað um 6,0% frá áramótum.
- | Hlutabréfaverð Icelandair Group lækkaði um 4,5% á öðrum ársfjórðungi.
- | Markaðsvirði í lok júní var 85,5 milljarðar íslenskra króna.

Markaðsvirði félagsins nam 85,5 milljörðum króna í lok annars ársfjórðungs 2014. Lokaverð fjórðungsins var 17,10 krónur á hvern hlut. Hæsta dagslokaverð á hvern hlut í fjórðungnum var 18,15 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 16,45 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 17,45 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefinna hlutabréfa þann 30. júní 2014 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins lækkaði um 6% á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 og fjöldi hluthafa var 1.965 í lok júní og fjölgaði um 132 frá upphafi árs.

Hlutabréfaverð og velta - þróun á fyrstu 6 mánuðum ársins 2014:



KYNNINGARFUNDUR 31. JÚLÍ 2014

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 31. júlí 2014 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 08:30 og verður í Þingsal 3. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors annars ársfjórðungs 2014 var samþykktur á stjórnarfundum þann 30. júlí 2014.

FJÁRHAGSDAGATAL

- | Uppgjör 3. ársfjórðungs – 30.10 2014
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs – 05.02 2015

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801